



## Þriðja þing félagsráðgjafa haldið í febrúar

Þing félagsráðgjafa var haldið þann 19. febrúar sl. Yfirskrift þingsins var **Félagsráðgjöf - þróun og gæði**. Aðalfyrirlesari var **Beth Anderson**, yfirmaður rannsókna hjá SCIE (Social Care Institute of Excellence), sem kynnti gæðaverkefni sem stofnunin vann með ungu fólki með það að markmiði að búa til gæðavísa í félagsþjónustu fyrir börn.

[Meira ...](#)



## Innsetningarathöfn Sifjar Einarsdóttur

Innsetningarathöfn Sifjar Einarsdóttur prófessors í náms- og starfsráðgjöf fór fram föstudaginn 12. febrúar í Odda 101.

Haldið er upp á framgang eða ráðningu nýrra prófessora með sérstökum kynningarfyrirlestri á Félagsvísindasviði.

Tilgangur kynningarfyrirlestranna er að vekja athygli á hinum nýja prófessor, störfum hans og áherslum, ekki síst til þess að auka tengsl og samstarf innan skólans.

[Meira ...](#)



## Meistararitgerð um mörk löggjafarvalds og dómssvalds

Forseti Alþingis, Einar K. Guðfinnson tók nýverið við meistararitgerð Ásgerðar Snævarr. Ástæðan fyrir afhendingu ritgerðarinnar er sú að Ásgerður hlaut styrk frá Alþingi til skrifanna en ritgerðin fjallar um mörk löggjafarvalds og dómssvalds. Í tilkynningu frá Alþingi segir m.a.: „Meistararitgerð Ásgerðar er um lagahugtakið og inntak lagaákvæða með hliðsjón af mörkum löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. [Meira ...](#)”



## Nýtt meistaránám í fjármálum

Háskóli Íslands mun næsta haust bjóða upp á nýtt framhaldsnám, meistaránám í fjármálum, sem byggir á samvinnu Viðskiptafræðideildar og Hagfræðideildar háskólans.

Hvor deild hefur um árabíl rekið sína eigin línu meistaránáms í fjármálum. Annars vegar hefur Viðskiptafræðideild boðið upp á MS í fjármálum fyrirtækja og hins vegar hefur Hagfræðideild boðið upp á meistaránám í fjármálahagfræði.

Ásgeir Jónsson, forseti Hagfræðideildar, hefur stýrt meistaralínunni innan þeirrar deildar og Hersir Sigurgeirsson dósent hefur stýrt meistaránáminu í Viðskiptafræðideildinni.

[Meira ...](#)



## Flensan kostar samfélagið á annan milljarð

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, var gestur Síðdegisútarvarpsins á Rás 2 í vikunni og ræddi um efnahagslegar hliðar flensunnar. Hún sagði m.a. að bóluasetningar og óhjákvæmilegar innlagnir kostuðu heilbrigðiskerfið um hundrað milljónir en framleiðslutap vegna flensunnar væri umtalsvert meira.

[Meira ...](#)



## Málflutningskeppni á sviði EES-réttar

Eftirlitsstofnun EFTA og lagadeildir háskólanna á Íslandi hafa undirritað samkomulag um að árlega skuli haldin málflutningskeppni á sviði EES-réttar. Fyrsta keppnin verður haldin næsta haust, dagana 5. og 6. nóvember og fer hún fram í Hæstarétti Íslands. Keppnin fer fram á ensku.

Þátttaka í keppninni verður metin til sex eininga í meistaranámi við Lagadeild Háskóla Íslands. Sigurliðið fær að launum ferð til Brussel og ítarlega kynningu á Eftirlitsstofnun EFTA og stofnanaumhverfinu í Brussel.

[Meira ...](#)



## Ný kennslubók um Evrópusamrunann

Nú um áramótin kom út fyrsta heildstæða kennslubókin á íslensku um Evrópusamrunann og tengsl Íslands við hann. Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknasetur um smáríki, í samstarfi við Háskólaútgáfunu, standa að útgáfu bókarinnar sem er hugsuð fyrir seinni stig framhaldsskóla og fyrsta stig háskólanáms.

Titill bókarinnar er „Saga Evrópusamrunans: Evrópusambandið og þátttaka Íslands“. Í bókinni er saga Evrópusamrunans rakin frá síðari heimsstyrjöldinni til dagsins í dag og gerð grein fyrir ákvarðanatöku og málaflökkum Evrópusambandsins. [Meira ...](#)



## Nýtt meistaranám í verkefnastjórnun

Í haust mun Viðskiptafræðideild bjóða upp hagnýtt og fræðilegt meistaranám í verkefnastjórnun.

Kennslan miðar að því að nemandinn öðlist góðan skilning á verkefnastjórnun og tileinki sér eftirsóknaverða færni bæði við rannsóknir og hagnýtingu á fræðunum. Í náminu munu nemendur læra að tileinka sér grundvallaratriði og verkfæri verkefnastjórnunar, þar sem farið verður m.a. í ákvarðanatöku, áætlanagerð og áhættugreiningar ásamt framkvæmd og eftirfylgni verkefna. Námið er nýjung hjá Háskóla Íslands og er kennt í dagskóla.

[Meira ...](#)

## Viðburðir framundan

25. feb - 12:00

[Social capital in post-disaster recovery](#)

26. feb - 11:00

[Málstofa Hagfræðideildar](#)

26. feb - 12:00

[Fjármögnun háskóla á Íslandi](#)

05. mar - 12:00

[Háskóladagurinn 2016 - Opið hús í Háskóla Íslands](#)

06. mar - 12:00

[Skattadagur Orators 2016](#)